

AUGLÝSING

um útgáfu sérstaks blaðs vegna vörumerkja og einkaleyfa.

Frá ársbyrjun 1984 verða auglýsingar og aðrar tilkynningar er varða vörumerki og einkaleyfi birtar í sérstöku blaði sem gefið verður út á vegum iðnaðarráðuneytisins. Jafnframt verður hætt að birta auglýsingar um þessi efni í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum.

Ákvörðun þessi er tekin með skírskotun til 20. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 19. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. desember 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

28. desember 1983

Nr. 802

REGLUGERÐ

um dómsmálajöld o. fl.

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálajöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir héraðsdómi:	kr.
1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	30,0
2. Gjald fyrir þingfestingu	240,0
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	50,0
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	75,00
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	75,00
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	60,00
7. Gjald fyrir kærui til Hæstaréttar	290,00
8. Gjald fyrir sjóferðarpróf	580,00
B. Fyrir Hæstarétti:	kr.
1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	45,00
2. Gjald fyrir þingfestingu	390,00
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	75,00
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	100,00
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	100,00
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða	80,00
7. Útivistargjald	390,00

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfadernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.